

**143. löggjafarþing 2013–2014.**  
**Þingskjal 925 — 454. mál.**

## Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um kostnað atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna ráðgjafarþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hve mikill var kostnaður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna ráðgjafarþjónustu frá 1. júlí 2013 til 15. mars 2014?*

Heildarkostnaður ráðuneytisins vegna ráðgjafarþjónustu nam 108.225.037 kr. á tímabilinu. Kostnaðurinn tekur til málaflokka sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra og skiptist með eftirfarandi hætti eftir þjónustutegundum:

Viðskipta- og hagfræðingar, löggiltir	
endurskoðendur og rekstrarráðgjafar	18.163.478 kr.
Lögfræðingar	53.814.061 kr.
Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraþjálfarar	59.270 kr.
Sálfræðingar, félagsfræðingar	136.011 kr.
Þýðendur, túlkar	3.697.388 kr.
Önnur sérfræðiþjónusta	32.354.829 kr.
Samtals	108.225.037 kr.

Meðtalinn er kostnaður við sérfræðiþjónustu vegna úrskurða- og prófanefnda á vegum ráðuneytisins. Athygli er vakin á því að kostnaður vegna ársins 2014 gæti tekið breytingum þar sem bókhald ársins 2014 hefur ekki verið yfirlitð eða endurskoðað.

